

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.
Skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 189.

4. nóvember.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann eigi jafnframt sæti í hreppsnefnd.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirlétt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar, annarar en áhættuþóknunar, sem honum verði greidd fyrir eftir sömu reglum og innheimtumönnum ríkisins. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubréf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af hreppsnefnd.

Uppsagnarfræstur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi í starfi og skeytir ekki áminningum hreppsnefndar, getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa frávikningu svo fljótt er við verður komið. Hreppsnefnd ákveður, hvort oddviti eða annar hreppsnefndarmaður taki við starfi sveitarstjóra og gegni því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 163 13. desember 1944,
sbr. reglugerð nr. 141 21. desember 1955.

1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

- A. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 5 krónur af hverri brúttórúmllest, þó aldrei minna en 40 krónur. Auk þess greiða þau skip, er stunda millilandasiglingar, 60 aura af hverri nettórúmllest í hvert sinn, er þau koma á höfnina úr millilandasiglinu.
- B. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, greiða 60 aura af hverri nettórúmllest í hvert skipti, sem þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.
- C. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 100 aura af hverri nettórúmllest.

2. gr.

28. gr., stafliðir A og B orðist þannig:

- A. Af öllum aðkomuskipum greiðist 60 aura af nettórúmllest fyrir fyrsta sólarhring og 40 aura á rúmllest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir eru.
- B. Bátar og skip, heimilisföst í Neskaupstað, skulu greiða 5 krónur af hverri brúttórúmllest á ári.

3. gr.

Í 29. gr. reglugerðarinnar komi í stað „5 aurar“ og „15 krónur“ 10 aurar og 25 krónur.

4. gr.

35. gr. orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg:

Kol, salt sement, stálvörur, stálvír, nýr fiskur með haus, óverkaður saltfiskur, alls konar óunnið járn, saumur, eldfastur leir, gólf- og veggflísar, eldfastir steinar, fiskimjöl, síldarmjöl, lýsi, fóðurmjöl, korn- og mjölvara, alls konar sykur, tilbúinn áburður, múrhúðunarefni, vikursteinn, vikurplötur, þakhellur, garðávextir, verkaður saltfiskur, steinsteyptar vörur, freðsild, eldavélar og tilheyrandi, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, kaðlar, pappír til húsagerðar, asbest, kalk, mör og tólg.